

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 176/2023**

**frá 13. júní 2023**

**um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn, um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2484 frá 12. desember 2022 um að veita heitinu „Rivierenland“ (VUT) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2485 frá 12. desember 2022 um að veita heitinu „Rosalia“ (VUT) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 <sup>(2)</sup>.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um vín. Ákvæði löggjafar um vín skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópuþingabandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í 7. mgr. inngangsorða í bókun 47 við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 4) Bókun 47 við EES-samninginn er því breytt í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 8t (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/317) í I. viðauka við bókun 47 við EES-samninginn:

„8u. **32022 R 2484**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2484 frá 12. desember 2022 um að veita heitinu „Rivierenland“ (VUT) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 (Stjtið. ESB L 323, 19.12.2022, bls. 30).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 323, 19.12.2022, bls. 30.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 323, 19.12.2022, bls. 32.

8v. **32022 R 2485**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2485 frá 12. desember 2022 um að veita heitinu „Rosalia“ (VUT) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 (Stjtíð. ESB L 323, 19.12.2022, bls. 32).“

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2022/2484 og (ESB) 2022/2485, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Nicolas von Lingen***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.